

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs Ørum & Wulffs árið 1902.

Tekjur:

I. Sjóður frá f. á.:		
Innritunarskírteini A. fol. 92	kr.	4000 00
II. Vextir yfir árið	—	140 00
	kr.	<u>4,140 00</u>

Gjöld:

I. Styrkur veittur Halldóri Friðjónssyni frá Sandi	—	140 00
II. Eignir til næsta árs:		
Innritunarskírteini A. fol. 92	—	4000 00
	kr.	<u>4140 00</u>

Íslands Norður- og Austuramt, Akureyri 4. apríl 1903.

St. Guðjohnsen. Páll Briem.

Reikningur

yfir tekjur og gjöld Framfarasjóðs Jóns prófests Melsted og frú Steinunnar Bjarnadóttur Melsted fyrir árið 1902.

Tekjur:

1. Í sjóði við árslok 1901:			
a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11,1 hndr. að dýrl., virt á	Kr.	800 00	
b. Óborgað af landskuld af Harastöðum í fardögum 1900	—	10 80	
c. Óborguð landskuld í fardögum 1901	—	21 60	
d. Óborgaðar leigur haustið 1901	—	20 00	
e. Í Söfnunarsjóði	—	<u>308 93</u>	Kr. 1161 33
2. Eptirstöðvar af landskuld af Harastöðum í fardögum 1900	—	10 80	
3. Landsskuld í fardögum 1901	—	21 60	
4. Leigur haustið 1901	—	20 00	
5. Landskuld í fardögum 1902, 40 álnir á 53 aur.	—	21 20	
5. Leigur haustið 1902, 40 pd. smjörs, er borgast í peningum, 50 aur. fyrir pundið	—	20 00	
7. Vextir af inneign í Söfnunarsjóði fyrir árið 1901	—	10 56	
			<u>Tekjur alls 1265 49</u>

Gjöld:

54

1. Móti tekjuliðum 2—4, sbr. tekjulið 1. b—d, telst til jafnaðar	Kr.	52	40
2. Í sjóði við árslok 1902:			
a. Jörðin Harastaðir á Fellsströnd, 11,1 hundr. að			
dýrleika, virt á	Kr.	800	00
b. Í söfnunarsjóði	—	413	09
		<hr/>	
		Gjöld alls	1265 49

Skrifstofu Árnassýslu, 7. apríl 1903.

Sigurður Ólafsson.

Embættaveiting, lausn og skipun.

a. Lausn:

17. apríl var síra Friðriki Hallgrímssyni presti að útskálum í Kjalarnesprófastsdæmi allramildilegast veitt lausn í náð frá embætti, frá fardögum 1903 að telja.

5. maí var síra Ingvari G. Nikulássyni presti að Gaulverjabæ í Árnasprófastsdæmi af landshöfðingja veitt lausn frá embætti með eptirlaunum, frá fardögum 1903 að telja.

b. Veiting:

12. marz var sóknarprestinum að Sandfelli síra Ólafi Magnússyni allramildilegast veitt Arnarbælisprestakall frá fardögum 1903 að telja.

11. apríl var prestur að Stafholti síra Jóhann Þorsteinsson skipaður af biskupi prófastur í Mýraprófastsdæmi.

30. apríl var presti að Hofi á Skagaströnd Magnúsi R. Jónssyni af landshöfðingja veitt Tjarnarprestakall í Húnavatnsprófastsdæmi frá fardögum 1903 að telja.

2. maí var vitavörður við Skagatáarvitann Jón Helgason skipaður vitavörður við Reykjanesvitann frá 1. ágúst 1903.

Óveitt embætti m. m.

Prestakall, er konungur veitir.

Útskálar í Kjalarnesprófastsdæmi (Útskála-, Hvalsness- og Kirkjuvogs-sóknir). Metið kr. 2298,55.

Lán til húsaþyngingar hvílir á prestakallinu, tekið 1889, upphaflega 7500 kr., er afborgast með 300 kr. árlega í 25 ár (stj.tíð. 1889 B, bls. 78).

Auglýst 11. maí. Veitist frá fardögum í ár.

Umsóknarfrestur til 29. júní.

Prestaköll, er landshöfðingi veitir.

Sandfell í Örafum (Sandfells- og Hofssóknir). Metið kr. 856,99. Auglýst 7. apríl. Umsóknarfrestur til 20. maí.

Veitist frá fardögum 1903 að telja.